

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 11/1995.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Karli Magnússyni

(Örn Clausen hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Ökuleyfissvipting. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Málinu var áfrýjað af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 16. desember 1994, en í bréfi 14. desember 1994 heimilaði Hæstiréttur áfrýjun samkvæmt 2. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 37/1994.

Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds og allur kostnaður sakar lagður á ríkissjóð. Til vara krefst hann þess, að refsing verði milduð, og jafnframt, að tími ökuleyfissviptingar verði stytur.

Ákærvaldið krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, en þó þannig, að refsing verði þyngd og breytt til varðhalds í stað fésektar. Einnig krefst ákærvald þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar á meðal saksóknarkostnaðar fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs.

Framburður ákærða um áfengisneyslu sína er mótsagnakenndur og þykir ekki trúverðugur. Ber að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdómara, að ákærði hafi ekið bifreið sinni í umrætt sinn undir áhrifum áfengis, sbr. 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Hins vegar þykir ekki nægilega sannað, að áfengismagn í blóði hans hafi verið svo mikið, að hann hafi verið óhæfur til að stjórna ökutæki, sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt því ber að refsa ákærða fyrir brot á 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. sömu laga.

Ákærði hefur þrívægis áður verið dæmdur fyrir ölvun við akstur,

þar af hafa tvö síðustu brotin ítrekunaráhrif. Þegar litið er til þess, þykir refsing hans samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Með vísun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvörðun hans um sviptingu ökuréttar.

Ekki þykir efni til að gera mun á málsvarnarlaunum og saksóknarlaunum í héraði. Þykir hæfilegt að dæma ákærða til að greiða 40.000 krónur í málsvarnarlaun í héraði og sömu fjárhæð í saksóknarlaun til ríkissjóðs. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Karl Magnússon, sæti varðhaldi í 30 daga. Hann er sviptur ökurétti ævilangt frá birtingu héraðsdóms að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Daða Jóhannessonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 28. október 1994.

Ár 1994, föstudaginn 28. október, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, af Inga Tryggvasyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í Héraðsdómsmálinu nr. S-34/1994: Ákærvaldið gegn Karli Magnússyni, sem tekið var til dóms 13. október sl.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali sýslumannsins í Stykkishólmi, dagsettu 15. ágúst 1994, á hendur ákærða, Karli Magnússyni, kt. 300328-7849, Tröð, Snæfellsbæ. Dómarinn fékk málið til meðferðar 18. ágúst sl. og gaf út fyrirfall 19. sama mánaðar. Var málið þingfest 14. september sl.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað fyrir dóminum á hendur ákærða „fyrir umferðarlagabrot með því að aka Lada Sport-bifreiðinni P 3067 undir áhrifum áfengis fimmtudaginn 17. mars 1994 frá heimili sínu, Tröð í Snæ-

fellsbæ (fyrrum Fróðárhreppi), áleiðis að bænum Tungu, Snæfellsbæ, þar til bifreiðin lenti utan vegar og valt rétt austan við bæinn Tungu.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar öku-réttar skv. 101. gr. og 102. gr. ofangreindra umferðarlaga, sbr. 25. og 26. gr. laga um breytingu á umferðarlögum nr. 44/1993“.

Málavextir.

Fimmtudaginn 17. mars 1994 kl. 13.05 var lögreglunni í Ólafsvík tilkynnt um, að Lada-jeppabifreið væri á hvolfi utan vegar í Fróðárhreppi. Tilkynnandi, Hákon Örn Arnþórsson, lét þess getið, að maður hefði verið að skríða út úr bifreiðinni og sér þótt maðurinn einkennilegur, og hefði hann afþakkað alla aðstoð. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram, að lögreglumenn, er sinntu málinu, hafi lagt af stað frá lögreglustöðinni kl. 13.10 og komið að bifreiðinni skammt fyrir innan bæinn Tungu. Fótspor hafi legið frá bifreiðinni í átt að Tungu, og því fóru lögreglumennirnir þangað og hittu þar fyrir húsfreyju, Þorgerði Jónsdóttur, er hafi tjáð þeim, að þar væri staddur Karl Magnússon, ákærði í máli þessu. Skömmu síðar hafi ákærði komið fram til lögreglumannanna, og hafi hann verið áberandi ölvaður. Í frumskýrslu kemur og fram, að lögreglumennirnir hafi leitað í samfestingi, er ákærði var í, og þá fundið hálfflösku, er hafi verið nær axlarfull. Þá fundust kveikjúlásslyklar að bifreið ákærða á honum.

Lögreglan færði ákærða á lögreglustöðina í Ólafsvík. Var þar dregið úr honum blóð til alkóhólákvörðunar, og þurfti að beita ákærða valdi, meðan það var gert. Ákærði var síðan færður í fangageymslu að boði Eðvars Árnasonar yfirlögregluþjóns. Í frumskýrslu segir enn fremur, að ákærði hafi ekki viljað viðurkenna að hafa verið ökumaður bifreiðarinnar, og því hafi honum verið haldið áfram í fangageymslu. Hafi hann verið tekinn til yfirheyrslu öðru hverju, en hann haldið áfram „sama ruglinu“, og hafi það ekki verið fyrr en um miðnætti, að ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis, og hafi hann þá verið frjáls ferða sinna.

Alkóhólmagn í blóðsýni, er tekið var úr ákærða, reyndist vera 2,51 pró-mille.

Ákærði var færður til skýrslutöku í beinu framhaldi af dvöl í fanga-geymslu, kl. 23.10 um kvöldið. Skýrði þá ákærði svo frá, að hann hefði farið heiman að frá sér í hádeginu og förinni verið heitið að bænum Tungu. Hefði hann verið kominn langleiðina að Tungu, er bifreiðin lenti utan vegar og valt. Ákærði gat ekki gefið skýringu á óhappinu. Um áfengisneyslu

skýrði ákærði svo frá, að hann hefði verið búinn að drekka það, sem á vantaði hálfflöskuna, er fannst á honum við handtöku. Í flöskunni hafi verið brennivín og vatn. Þá kvaðst ákærði hafi neytt áfengis kvöldið áður, en farið að sofa um miðnætti. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort hann hefði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, og hann hefði verið handtekinn skömmu eftir að hann kom að Tungu.

Svokölluð skýrsla varðstjóra var tekin af ákærða kl. 23.30, en lýsing á ölvunarástandi í skýrslunni miðast við það, er ákærði var handtekinn. Í skýrsluna er skráð, að áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða, jafnvægi óstöðugt, málfar óskýrt og framburður ruglingslegur. Í skýrslunni kemur enn fremur fram, að ákærði hafi verið óviðræðuhæfur við handtöku sökum ölvunar. Við skýrslutökuna játaði ákærði að hafa ekið bifreiðinni og neyslu áfengis, en þó ekki, eftir að akstri hans lauk.

Ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 14. september sl. og við aðalmeðferð málsins 13. október sl. Fyrir dómi neitaði ákærði því að hafa ekið bifreiðinni P 3067 undir áhrifum áfengis frá heimili sínu og áleiðis að bænum Tungu, Snæfellsbæ. Nefnda leið hefði hann ekið án þess að hafa neytt áfengis fyrir aksturinn. Ákærði kvaðst hafa misst stjórn á bifreiðinni í hálku og hún oltið. Þá hefði komið á vettvang einhver maður og ákærði sagt honum, að hann ætlaði að ganga að bænum Tungu, en þangað taldi ákærði vera um einn kílómetra. Ekki gat ákærði sagt til um, hvað hann hefði verið lengi að ganga þangað, en á leiðinni kvaðst ákærði hafa sopið af hálfflösku af brennivíni, er hann hefði verið með í vasanum. Flaskan hefði ekki verið alveg full. Er ákærði kom út að Tungu, kvaðst hann hafa fyllt flöskuna af vatni og haldið áfram að drekka úr henni. Ekki gat ákærði greint frá því, hvað hann hefði verið búinn að drekka mikið úr flöskunni, er lögregla handtók sig, og þá gat hann ekki heldur sagt til um, hve langur tími hefði liðið, frá því að bifreiðin valt og þar til hann var handtekinn. Það hefði þó verið innan við eina klukkustund. Ákærði skýrði svo frá, að eftir handtöku hefði hann verið fluttur til Ólafsvíkur. Hefði sér þar verið dregið blóð og hann síðan færður í fangageymslu. Lögreglumaður hefði síðan tjáð sér, að þar yrði hann vistaður, þar til hann játaði að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Ákærði neitaði því að hafa neytt áfengis kvöldið fyrir atvikið. Þá kvaðst ákærði hafa hafnað því, að maðurinn, sem kom á vettvang, hringdi á lögreglu, þar sem ákærði hefði talið, að þetta væri sitt mál og hann hefði ekki þörf fyrir aðstoð.

Fyrir dóminn hafa verið kvödd nokkur vitni. Eru það lögreglumennirnir, er fóru á vettvang, þeir Björn Jónsson, Grundarbraut 13, og Hilmar Júlíusson, Brautarholti 15, báðir í Ólafsvík, sá er tilkynnti um atvikið, Hákon Örn

Arnþórsson, Súlukletti 4, Borgarnesi, og Þorgerður Jónsdóttir, Tungu, Snæfellsbæ. Vitnið Hákon Örn gaf og skýrslu fyrir lögreglu, og verður framburður vitnisins fyrir lögreglu og dómi rakinn sameiginlega, en þess getið sérstaklega, er þar ber á milli í einhverjum atriðum, sem máli þykja skipta.

Vitnin Björn Jónsson og Hilmar Júlíusson lögreglumenn önnuðust frumrannsókn, og var framburður þeirra að mestu leyti samhljóða. Þau skýrðu svo frá, að vitnið Hákon Örn hefði tilkynnt um atvikið og þau haldið strax á vettvang. Er þangað var komið, hefðu vitnin séð spor í snjónum, er hefðu legið í átt að Tungu. Vitnin hefðu því haldið að Tungu, og taldi vitnið Björn, að liðið hefðu um 15–20 mínútur, frá því að tilkynning barst lögreglu og þar til þeir komu að Tungu. Vitnið Hilmar taldi, að liðið hefðu um 15 mínútur. Þá taldi vitnið Björn, að um 200 til 400 metrar væru frá þeim stað, sem bifreiðin valt, og heim að Tungu, en vitnið Hilmar taldi vegalengdina vera 100 til 200 metra. Vitnin skýrðu svo frá, að er þau komu að Tungu, hefðu þau fyrst hitt húsfreyju og verið að ræða við hana, er ákærði hefði komið til þeirra, og hefði hann vírst vera undir áhrifum áfengis, og vitnið Björn kvaðst hafa fundið áfengislykt af ákærða. Vitnið Hilmar skýrði frá því, að vitnin hefðu leitað á ákærða strax eftir handtöku og við þá leit fundist hálfflaska af brennivíni, er hefði verið nær axlarfull. Vitnið Björn sagði, að leit hefði verið gerð á ákærða, er komið var með hann á lögreglustöð, og flaskan þá fundist.

Vitnin skýrðu frá því, að ákærði hefði verið vistaður í fangageymslu að boði yfirlögregluþjóns, en vitnið Björn kvaðst áður hafa ætlað að taka varðstjóráskýrslu af ákærða, en það ekki tekist vegna ölvunarástands hans. Hvorugt vitnið kannaðist við að hafa tjáð ákærða, að hann yrði vistaður í fangageymslu, þar til hann játaði að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Vitnið Hilmar skýrði frá því, að ákærði hefði verið vistaður í fangageymslu, þar sem nokkuð öruggt hefði verið talið, að hann hefði ekið bifreiðinni og að öllum líkindum undir áhrifum áfengis. Vitnið Björn skýrði frá því, að lögreglan hefði viljað fá það fram, hver hefði ekið bifreiðinni, en ákærði sagð þeim hinar og þessar sögur í því sambandi, og því hefði ákærði verið vistaður í fangageymslu. Þá hefði verið nauðsynlegt að vista ákærða í fangageymslu, meðan áfengisvíman rynni af honum.

Vitnið Hákon Örn Arnþórsson tæknifræðingur gaf skýrslu hjá lögreglu daginn, sem atburðurinn varð, og kom fyrir dóm 7. október sl. Vitnið skýrði svo frá, að það hefði komið að bifreið ákærða, þar sem hún lá á hvolfi utan vegar skammt frá bænum Tungu. Karlmaður, ákærði í máli þessu, hefði legið á fjórum fótum fyrir utan bifreiðina og aðstæður að öðru leyti bent til þess, að bifreiðin væri nýlega oltin. Vitnið sagði, að ákærði hefði byrjað á

því að tilkynna sér, að hann væri ekki undir áhrifum áfengis, og hefði hann ítrekað það við vitnið. Ákærði hefði síðan skýrt vitninu frá því, að „kerlingin“ hefði farið á bifreiðinni kvöldið áður og velt henni, en hann komið gangandi á vettvang. Vitnið kvaðst hafa boðist til að hafa samband við lögreglu, en ákærði alls ekki viljað það né þegið aðra aðstoð. Vitnið kvaðst ekki hafa komið nálægt ákærða og því ekki fundið, hvort áfengislykt væri af honum. Ákærði hefði síðan horfið af vettvangi á sama tíma og vitnið og gengið í átt að bænum Tungu. Vitnið kvaðst þá fljótlega hafa hringt á lögreglu og séð, er hún kom á vettvang u. þ. b. 10 mínútum síðar, en þá hefði ákærði verið kominn heim að bænum. Vitnið skýrði frá því, að göngulag ákærða hefði verið óstöðugt, en málrómur hans ekki verið óeðlilegur og maðurinn viðræðuhæfur. Vitnið kvaðst hafa ályktað í fyrstu, að ákærði væri undir áhrifum áfengis, þar sem hann hefði tilkynnt vitninu sérstaklega, að svo væri ekki. Þessi skoðun sín hefði styrkst, er vitnið sá göngulag ákærða. Þá sagði vitnið, að samræður ákærða og vitnisins hefðu bent til þess, að hann hefði ekki verið ódrukkinn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð neitt á vettvangi, er tengdist áfengisneyslu, og ekki séð ákærða neyta áfengis á vettvangi.

Vitnið Þorgerður Jónsdóttir bóndi kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins 13. október sl. Vitnið skýrði svo frá, að ákærði hefði komið heim að Tungu daginn, er atburðurinn varð, og hefði honum verið mikið niðri fyrir og því ekki gott að átta sig á því, hvort hann væri undir áfengisáhrifum. Vitnið kvaðst ekki hafa fundið áfengislykt af ákærða, þar sem af honum hefði verið mikil bensínlykt. Vitnið kvaðst ekki hafa séð, að ákærði væri með áfengi á sér, né séð hann neyta áfengis, meðan hann dvaldist á heimili vitnisins, en það hefði verið um hálf klukkustund og í mesta lagi 40 mínútur. Vitnið kvaðst hafa fylgst með honum allan tímann utan það, að vitnið fór tvisvar í símann. Vitnið segir, að ákærði hafi skýrt frá því, að bifreið sinni hefði verið stolið og hann farið gangandi til að athuga um hana og fundið bifreiðina á hvolfi utan vegar. Ákærði hafi neitað því að hafa ekið bifreiðinni, en skýrt frá því, að hann hefði neytt áfengis daginn áður. Vitnið upplýsti, að það væri miserfitt að skilja það, sem ákærði segir, en þeim, sem þekki hann, gangi það ágætlega.

Niðurstaða.

Svo sem áður er rakið, barst lögreglu tilkynning um útafakstur bifreiðar ákærða kl. 13.05, og samkvæmt frumskýrslu lögreglu lögðu lögreglumenn af stað til að sinna útkallinu 5 mínútum seinna. Annar lögreglumannanna, er vann að frumrannsókn málsins, hefur borið, að liðið hafi um 15 mínútur, frá

því að tilkynning barst og þar til þeir komu að bænum Tungu, þar sem ákærði var handtekinn. Hinn lögreglumaðurinn hefur borið, að liðið hafi um 15 til 20 mínútur, frá því að þeir lögðu af stað frá lögreglustöðinni í Ólafsvík og þar til þeir komu að Tungu, en þeir hafi lagt af stað, þegar er tilkynning barst um atvikið.

Vitnið Hákon Örn, sem tilkynnti um atburðinn til lögreglu, hefur borið, að aðstæður á vettvangi hafi verið með þeim hætti, að bifreið ákærða hefði nýlega verið ekið út af veginum, er vitnið kom á vettvang. Þá taldi vitnið, að um 10 mínútur hefðu liðið, frá því að það hringdi í lögregluna og þar til hún kom á vettvang, en þá hefði ákærði verið kominn heim að Tungu. Þá bar vitnið um það, að því hefði þótt framkoma ákærða á vettvangi einkennileg, m. a. hefði ákærði ítrekað við sig, að hann væri ekki undir áhrifum áfengis, og göngulag hans verið óstöðugt.

Vitnið Þorgerður Jónsdóttir hefur borið á þann veg, að það hafi ekki séð ákærða neyta áfengis, eftir að hann kom að bænum Tungu og þar til hann var handtekinn, en um hafi verið að ræða u. þ. b. hálfa klukkustund. Þá sá vitnið ekki, að ákærði hefði vín undir höndum umræddan tíma. Þá bar vitnið, að ákærði hefði neitað að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn.

Af lýsingu í skýrslu varðstjóra má ráða, að ákærði hafi verið undir verulegum áfengisáhrifum við handtöku, og staðfestir niðurstaða alkóhólrannsóknar það. Þá segir í skýrslunni, að ákærði hafi reynst óviðræðuhæfur við handtöku sökum ölvunar.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, hefur ákærði fyrir dómi neitað því að hafa ekið bifreiðinni P 3067 undir áhrifum áfengis, svo sem honum er gefið að sök í ákæruskjali. Kveður ákærði játningu sína hjá lögreglu vera til komna vegna þvingunar.

Framburður ákærða um málsatvik þykir að verulegu leyti ótrúverðugur og því ekki marktækur að álitni dómsins. Þegar þau atvik málsins eru virt, að framkoma ákærða á vettvangi gagnvart tilkynnanda var einkennileg miðað við aðstæður, vitnið Þorgerður sá ákærða ekki neyta áfengis, eftir að hann kom heim að Tungu, að um 20 mínútur hafi liðið, frá því að tilkynning barst til lögreglu og þar til ákærði var handtekinn, og alkóhólmagn í blóði ákærða reyndist 2,51 prómille skömmu eftir handtöku, þykir dóminum sannað þrátt fyrir neitun ákærða fyrir dómi, að hann hafi ekið bifreiðinni greint sinn undir áhrifum áfengis. Gegn neitun ákærða þykir hins vegar ekki nægilega sannað, að hann hafi verið undir svo miklum áfengisáhrifum sem niðurstaða alkóhólrannsóknar bendir til, enda hefur ákærði haldið því fram, að hann hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk, og er ekki unnt að hafna þeim framburði, eins og sakargögnum er háttað. Þykir því varhuga-

vert að leggja niðurstöðu rannsóknarinnar fyllilega til grundvallar við ákvörðun refsingar í málinu. Þó þykir sannað, að ákærði hafi með háttsemi sinni gerst brotlegur við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Athugavert er, að frumrannsókn máls þessa var ekki sem skyldi. Þykir einkum skorta á það, að lögreglumenn, er unnu að frumrannsókn málsins, hafi skráð nákvæmlega um nauðsynlegar tímasetningar, þ. e. a. s., hvenær komið var á vettvang, þar sem bifreiðin var, hvenær komið var að bænum Tungu og hvenær ákærði var handtekinn. Eins og atvikum máls þessa er háttað, hefði og verið rétt að láta ákærða gefa þvagsýni til alkóhólrannsóknar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann undir sátt á árinu 1977, og þá hefur ákærði tvívegis hlotið dóm, annars vegar á árinu 1984 og hins vegar 22. október 1990. Með þeim dómi var ákærði sviptur ökuréttindum í 3 ár frá 31. október 1990. Í öllum tilvikum er um að ræða brot á ölvunarakstursákvæðum umferðarlaga.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þegar litið er til þess, að ákærði er ellilífeyrisþegi og sjúklingur að einhverju leyti, sbr. læknisvottorð, sem liggur frammi í málinu, sbr. 1. mgr. 51. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og sakaferils ákærða, þykir refsing hans í máli þessu hæfilega ákveðin sekt 50.000 krónur, er greiðist í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, en ella sæti ákærði varðhaldi í 12 daga.

Ákærði þykir enn fremur hafa unnið sér til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993. Við ákvörðun sviptingar ber að líta til dómsins frá 22. október 1990, er hefur ítrekunaráhrif að þessu leyti. Ber nú að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Daða Jóhannessonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 40.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur. Til sakarkostnaðar í málinu telst þó ekki kostnaður við flutning á bifreið ákærða af vettvangi, að fjárhæð 13.695 krónur. Ekki verður séð, að nauðsynlegt hafi verið að flytja bifreiðina af vettvangi, skammt frá heimili ákærða, og í geymslu í Rífi. Ekki hefur heldur komið fram, að það hafi verið gert að beiðni ákærða. Ákærði verður því ekki dæmdur til að greiða þennan kostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Karl Magnússon, greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald í 12 daga, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Daða Jóhannessonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur, auk virðisaukaskatts og saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur.
